

Hvað er heimarétt?

Heimaréttin heldur til haga þeim hrossum sem eru í eigu áskrifanda (tengd kennitölu) að WorldFeng þess vegna koma ekki fram hross sem eru í eigu maka eða barna. Hins vegar er hægt að veita öðrum umboð til að sjá um skýrsluhald. Til þess að gera það þarf að senda inn eyðublað sem kallast „umboð heimaréttar“ og skila því inn á næstu starfsstöð RML. Þetta eyðublað má finna á heimasíðu okkar www.rml.is undir búfjárrækt. Til þess að áskrifandi að WF geti skráð folöld sem honum fæðast þarf hann að vera skráður fyrir ræktunarnúmerum í WF. Til að fá úthlutað númerum er best að setja sig í samband við starfsmenn á sviði hrossaræktar hjá RML í síma 516-5000 eða senda vefpóst á netfangið halla@rml.is.

Hér á eftir verður farið yfir hvað er hægt að gera í heimaréttinni.

Í heimaréttinni eru eftirfarandi flipar:

Heimaréttin

Hrossin mín Fyljanaskráning Fang- og folaldaskráning Fargað Selt Útflutt Umráðamaður Um mig Skýrsluhaldsskil

<**Hrossin mín**>, undir þeim flipa eru öll hross listuð upp sem eru í heimaréttinni. Þar er hægt að breyta lit, fæðingardagsetningu, afdrifum, setja inn nafn, skrá geldingu, skrá sölu og setja inn mynd af viðkomandi hrossi. Nauðsynlegt er að yfirfara allar upplýsingar um hrossin árlega, svo WF gefi sem raunsannasta mynd af stofninum á hverjum tíma.

<**Fyljanaskráning**>, þar er listi yfir allar hryssur í eigu ræktanda. Hér þarf að gera grein fyrir því hvort hryssu var haldið eða ekki. Ef hryssunni hefur verið haldið þarf að gera grein fyrir því hjá hvað stóðhesti hún var, hvenær hún var hjá honum og árangri fyljunar (sjá mynd hér fyrir neðan).

Stóðhestur

Fyljunaraðferð

Fósturvísaf lutningur

Dýralæknir

Staður

Land

Hryssa kom . . 2016

Hryssa fór . . 2016

Athugasemd

Niðurstaða ómskoðunar

Hér er líka listi yfir stóðhesta tveggja vetra og eldri. Hafi þeir verið notaðir þarf að skrá inn hvaða hryssur voru hjá þeim (sjá mynd hér fyrir neðan).

Hryssa

Fyljunaraðferð

Fósturvísaf lutningur

Dýralæknir

Staður

Land

Hryssa kom . . 2016

Hryssa fór . . 2016

Athugasemd

Niðurstaða ómskoðunar

Ef hryssueigandi hefur þegar skráð fyljun á sína hryssu kemur hún sjálfkrafa hér inn og eigandi stóðhestsins þarf einungis að staðfesta að upplýsingarnar séu réttar og getur staðfest komu hennar. Geri hann það getur eigandi hryssunnar skráð folaldið að ári í heimaréttinni.

<Fang- og folaldaskýrsla>, hér fer fram skráning á folöldunum og hvað um þau verður. Ef hryssan var geld er gerð grein fyrir því. Í raun ekkert nýtt þarna nema hægt er að velja um eftirfarandi þegar folald er skráð undir: „**Afrakstur**“; eitt folald, tvö folöld, dauðfætt, hryssan lést. Ef merkt er við tvö folöld koma upp tveir gluggar svo hægt sé að skrá bæði folöldin.

Fliparnir sem koma næst: Fargað, selt og útflutt gefa upplýsingar um þessi atriði á völdu tímabili. Þarna getur ræktandinn ekki skráð neitt sjálfur.

Undir flípanum **<umráðamaður>** er að finna lista yfir umráðamenn hrossa, ef enginn er skráður umráðamaður þarf að setja hann inn (sjá mynd hér fyrir neðan).

Kennitala umráðamanns

Skráður dags. 07.12.2016

Eigandi kemur oftast sjálfkrafa inn sem umráðamaður en þar sem fleiri en einn er eigandi að viðkomandi hrossi þurfa menn að koma sér saman um hver eigi að vera umráðamaður þess. Hross sem skráð eru í eigu barna yngri en 18 ára þurfa að hafa einhvern fullorðinn umráðamann. Hross í eigu fyrirtækja þurfa að vera skráð á umráðamann. Hross sem eru í eigu útlendinga en eru staðsett hér á Íslandi þurfa að hafa skráðan umráðamann sem er búsettur hér á landi. Hugmyndin er að í nánustu framtíð eigi að vera hægt að skila haustskýrslu til Matvælastofnunar MAST í gegnum WorldFeng og þá þurfa öll hross að hafa skráðan umráðamann. Eigandi getur breytt umráðamanni þegar honum hentar að gera það, t.d. ef hann lánar einhverjum hross í lengri tíma.

Í flípanum **<um mig>** eru persónulegar upplýsingar, s.s. heimilisfang, sími og netfang. Þarna er hægt að leiðrétta upplýsingar ef þörf er á.

Þá er það síðasti flipinn **<skýrsluhaldsskil>** . Hér fara fram árleg skil á skýrslum þegar búið er að skrá allar nauðsynlegar upplýsingar í fyrri flipum. Þessi skil þarf að framkvæma fyrir 30. desember í ár. Framvegis verður síðan miðað við 20. nóvember en það er sama dagsetning og Matvælastofnun, MAST, er með á skil á haustskýrslu. Ekki er hægt að skila skýrsluhaldinu nema búið sé að gera grein fyrir fyljanaskráningu ársins og ástæðum förgunar fyrir þau hross sem voru felld/slátrað á árinu. Til hagræðis fyrir hesteigendur er hér einnig yfirlit yfir fullorðin hross sem ekki eru örmerkt og listi yfir þau hross sem búið er að taka DNA-sýni úr en hafa ekki fengið staðfestingu á ætterni. Þar sem ekki fæst staðfesting á ætterni ættu menn að skoða hvers vegna svo er. Oft eru eðlilegar skýringar á því s.s. að ekki sé til DNA-sýni úr móður eða föður. Mistök geta líka hafa átt sér stað við sýnatöku eða greiningu og því full ástæða til að fylgja þeim málum eftir.

Þessar breytingar sem hér hefur verið farið yfir eru gerðar til þess safna verðmætum upplýsingum fyrir ræktunarstarfið og til hagræðis fyrir ræktendur og hesteigendur. Það er von okkar að þessum breytingum verði vel tekið og að lokum er rétt að minna aftur á að skýrsluhaldsskil þarf að framkvæma fyrir 30. desember í ár.

Halla Eygló Sveinsdóttir
Ráðunautur í hrossarækt hjá RML
halla@rml.is